

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps, nr. 251/2022.

#### 1. gr.

Fyrsta málsgrein 8. gr. samþykktarinnar orðast svo:  
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í ráðhúsi Hrunamannahrepps, fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaða kl. 14.00.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-hluti 40. gr. samþykktarinnar:

- a. 3. tölul. orðast svo: *Afréttamálanefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn fjallskilamála í fjallskiladeild Hrunamannahrepps í umboði sveitarstjórnar, sbr. ákvæði laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilareglugerð og fjallskilasamþykkt Árnassýslu austan vatna sem og önnur afréttamál.
- b. 4. tölul. orðast svo: *Umhverfisnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um umhverfis- og samgöngumál þar með talin brunavarnir, brunamál og umferðarmál. Þá fer nefndin jafnframt með málefni gróðurverndar skv. lögum um landgræðslu nr. 155/2018, sorphirðu og sorpförgun, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 2. nóvember 2022.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Hafdís Gísladóttir.*